

## AUGLÝSING

### um umferð í Dalvíkurbyggð.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum og að fengnum tillögum umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið:

1. að biðskylda verði á gatnamótum Mýrargötu og Grundargötu, þannig að umferð um Mýrargötu víki fyrir umferð um Grundargötu. Biðskyldan er táknuð með umferðarmerkinu A06.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
2. að biðskylda verði á gatnamótum Flæðavegar og Grundargötu, þannig að umferð um Flæðaveg víki fyrir umferð um Grundargötu. Biðskyldan er táknuð með umferðarmerkinu A06.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra;
3. að við Martröð verði vöruloseun og lestun flutningabifreiða bönnuð frá ferjubryggju og suður fyrir smábátahöfn. Bannið er táknað með umferðarmerkinu B24.11 og viðeigandi undirmerki.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Dalvíkurbyggð sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 11. júlí 2018.*

**Halla Bergþóra Björnsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 26. júlí 2018